

Efni: Bygging félagsaðstöðu fyrir Knattspyrnufélagið Árborg 2010171

Dags:09.04.2021

Mannvirkja- og umhverfissviði hefur borist erindi þar sem bæjarráð Árborgar, á fundi 22.10.2020, vísar beiðni Knattspyrnufélagsi Árborgar um styrk vegna uppbyggingar félagsaðstöðu á íþróttarvallarsvæðinu á Selfossi til úrvinnslu á sviðinu.


Ekki er útlit fyrir að uppbygging á íþróttamiðstöð á Selfossi verði fullfrágengin á næstu árum þannig að þessi lausn gæti verið góður millileikur fram að þeirri framkvæmd.

- **Staðsetning**

- Samkvæmt óskum KÁ þá er vilji til þess að koma aðstöðunni fyrir miðju núverandi gervigrasvallar. Til að tengingar við aðveitu og fráveitu séu sem bestar er lagt til að aðstöðunni verði komið fyrir við suðurenda vallarins. Einnig þarf að skoða vel aðgengi að aðstöðunni því miðað við fjarlægðir frá stoðvegg að núverandi grindverki sé nægjanlegt fyrir þessa starfsemi sem á að vera í aðstöðunni. KÁ óskar þó að aðstaðan verði fyrir c.a. miðjum vellinum og hafa fulltrúar Umf. Selfoss tekið undir það sjónarmið en slíkt yrði að skoða betur.




- **Aðveitu – og fráveitutengingar**



-
- Möguleiki þessara tenginga er einfaldur á þessum tímapunkti þar sem allur frágangur er eftir er tengist fjölnota íþróttahúsinu en verður kostnaðarmeiri þegar honum er lokið.

- **Grundun**

- Huga þarf vel að grundun aðstöðunnar og festingar vegna vindálags skuli aðstaða þurfa 2 hæðir líkt og tillagan ber með sér. Sjá snið af núverandi stoðvegg.



- **Skipulagsmál**

- Það er ekki skilgreindur byggingarreitur þar sem þeir staðsetja þessa byggingu, svo að heimild fyrir byggingarleyfi skv. skipulagi er ekki til staðar, hvort sem um varanlega eða bráðabirgðabyggingu er að ræða. Það er mögulegt að búa til byggingarreit með óverulegri deiliskipulagsbreytingu og þeim kostnaði sem fylgir.
- Það þyrfti að skoða hvort að hægt sé að láta þetta falla undir stöðuleyfi, en óvíst er hvort það gangi.
- Með hæðina - gagnvart skipulagi þyrfti að gera grein fyrir áhrifum sem aðrir yrðu fyrir sökum hæðarinnar, og mér sýnist á öllu að það verði ekki vandamál.

- **Samvinna við Ungmennafélag Selfoss**

- Fundað hefur verið með fulltrúum Umf. Selfoss og KÁ og eru báðir aðilar sammála um að þessar einingar muni bæta aðstöðuna á Selfossvelli. Ná að létta á búningsklefum í stúkunni og IÐU ásamt því að bæta geymslu-, blaðamanna- og upptökuaðstöðu (sjá nánar í minnisblaði af samráðsfundi sem fylgir með)
- **Eftir aukið samtal milli KÁ, sveitarfélagsins og Umf. Selfoss hefur tillaga KÁ eftir ábendingar Umf. Selfoss verið uppfærð með tveimur búningsklefum til að aðstaðan nýttist Selfossvelli sem best næstu árin. Mikil fjölgun iðkenda og fleiri keppnisleikir kalla á bættu búningsaðstöðu og þessi lausn myndi létta verulega á svæðinu þar til næstu skref í framtíðaruppbyggingu Selfossvallar eru stigin. Einnig gætu gámarnir færst til á framkvæmdatíma síðar og þá nýst áfram.**

- **Kostnaður**

- Það liggur fyrir tilboð frá Terra í gámaeiningar, flutning og koma þeim niður fyrir samtals 19 milljónir. Til viðbótar þeim kostnaði sem KÁ leggur fram í erindinu er kostnaður við lagnir sem gæti verið um 2,5-3 milljónir svo heildarkostnaður eftir uppfærða áætlun gæti því verið allt að 22 milljónir.

- **Fjármögnun**

- **KÁ er tilbúið til að leggja til fjármagn í verkefnið líkt og kemur fram í beiðninni en með láni frá Árborg til 7 ára**
- Sveitarfélagið Árborg leggi til 9 milljónir auk kostnaðar við lagnir. Allt að 12 milljónir í heildina en lægra ef styrkur frá KSÍ yrði hærri
- KÁ leggi fram um 7 milljónir með árlegri greiðslu næstu sjö árin
- KÁ sækir um styrk í mannvirkjasjóð KSÍ og hafa viljrði fyrir c.a. 3-4 milljónum í styrk sem færi beint í verkefnið

Atli Marel Vokes, Sviðsstjóri mannvirkja- og umhverfissviðs Árborgar.

Bragi Bjarnason, deildastjóri FMÁ